

Alþingi
Erindi nr. P 143/1727
komudagur 30.4.2014

30.4.2014

Umsögn send til umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis vegna tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2013—2016, 495. mál.

Bæjarfulltrúar Hveragerðisbæjar lýsa furðu sinni á því að ekki skuli sjá þess stað í samgönguáætlun að hefja eigi framkvæmdir við veginn milli Hveragerðis og Selfoss en þar þarf nú þegar að setja fjármuni til undirbúnings lífsnauðsynlegum úrbótum við Suðurlandsveginn.

Þessi vegur er einn fjölfarnasti vegur landsins í dreifbýli og sem dæmi má nefna að hundruðir ungmenna aka hann á hverjum degi til og frá skóla. Inná hann tengist á þriðja tug tengivega og innkeyrslna auk þess sem nálægt honum eru víða bæði djúpir skurði og skiltastæði sem allt gerir að verkum að hér verða slys bæði alvarleg og alltof mörg. Til slíkra aðstæðna ber þingmönnum að taka tillit þegar kemur að útdeilingu fjármuna til úrbóta á vegakerfinu. Þá þurfa önnur veigaminni sjónarmið að vika.

Þingmenn geta ekki annað en tekið tillit til þeirra aðstæðna sem ríkja hér í Ölfusi og hefja nú þegar undirbúning að nauðsynlegum öryggisúrbótum.

Við treystum á að hér verði gert það sem rétt er.

Fyrir hönd allra bæjarfulltrúa Hveragerðisbæjar

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar